

STAÐAN Í DAG

Vesturbyggð:

- Bókasöfn í Patreksskóla og Muggsstofu
- Félagsstarf eldri borgara í Muggsstofu á Bíldudal, Eyraseli á Patreksfirði og Birkimel á Barðaströnd
- Íþróttamiðstöðvarnar Brattahlíð og Bylta
- Félagsheimili á Patreksfirði, Bíldudal og Barðaströnd
- Félagsmiðstöðvar unglinga á Patreksfirði og Bíldudal
- Tjaldsvæði á Patreksfirði og Bíldudal

Tálknafjarðarhreppur:

- Bókasafn
- Íþróttamiðstöð og félagsheimili
- Félagsstarf eldri borgara í Vindheimum
- Félagsmiðstöð unglinga í Vindheimum
- Tjaldsvæði

SVÓT GREINING

Starfshópurinn hefur framkvæmt svokallaða SVÓT greiningu sem er greinandi aðferð sem er notuð til að finna og flokka innri og ytri áhrifaþætti á ákveðnum vettvangi. Styrkleikar og veikleikar tilheyra innri þáttum en ógnanir og tækifæri tilheyra ytri þáttum.

Styrkleikar

Í báðum sveitarfélögum er góð aðstaða til að halda ýmis konar menningarviðburði, þar má meðal annars nefna Skjaldborgarbió, félagsheimilin og íþróttahús. Þá eru þrjú starfandi bókasöfn sem sinna hverjum byggðakjarna og vinna gott starf. Heimamenn og ferðafólk hafa aðgang að fjöldanum öllum af söfnum og möguleikum á afþreyingu í ferðaþjónustu fer fjölgandi. Ferðafólk getur valið úr ólíkri gistingu, t.d. eru mörg tjaldsvæði á svæðinu, bæði einkarekin og í höndum sveitarfélagsins.

Á svæðinu er öflugt íþróttastarf og góð aðstaða í byggðakjörnunum þremur til hefðbundinnar íþróttaiðkunar. Börn sem sækja íþróttæfingar í annan bæ geta tekið almenningssamgöngur þangað og íþróttahreyfingin er í góðu samstarfi við önnur íþróttafélög, þ.á.m. Vestra. Félagsmiðstöðvar eru starfandi í öllum þremur þorpum og eru jafnan vel sóttar. Fullorðnir íbúar hafa val á að taka þátt í alls konar hópum, félagastarfssemi og sjálfböðavinnu. Smæð samfélagsins gerir það að verkum að hægt er að velta fyrir sér þörfum hvers og eins þegar kemur að lýðheilsu- og forvarnarmálum og hægt er að sníða forvarnarstarf að hverjum hópi.

Veikleikar

Fjölga þarf ferðamönnum sem koma á svæðið en einungis brotabrot þeirra ferðamanna sem fara á Dynjanda skila sér inn á Suðurfirðina. Ein ástæða þess er skortur á gistirými. Vöntun er á samræmdu kynningarefni og ímyndarvinnu fyrir ferðaþjónustuna á svæðinu, það er bæði fyrir gistingu og afþreyingu, þ.á.m. söfnin. Samvinna á milli ferðaþjóna mætti vera meiri. Aðstaða á tjaldsvæðum á

Patreksfirði og Bíldudal er ekki nógu góð og þar að auki er lítill vilji hjá sveitarfélögunum til að byggja upp og sinna grunninnviðum í ferðaþjónustu, svo sem salernisaðstöðu á áningarstöðum.

Félagsmiðstöðvarnar þrjár búa við slæman húsakost og börnum stendur ekki til boða að mæta í félagsmiðstöðvarnar á sumrin. Samgangur á milli svæða í félagsmiðstöðvastarfi er ekki nógu samræmdur og virkur og gert er ráð fyrir því að minni hópar sæki alltaf þá stærri heim og verða þar af leiðandi alltaf gestir. Nánast ekkert frístunda- né forvarnarstarf stendur ungmennum á framhaldsskólaaldri til boða. Nefndarmenn voru ósammála um hvort framboð á forvarnarstarfi væri nægilegt.

Þrátt fyrir að aðstaða til hefðbundinnar íþróttaiðkunar sé góð þá er hún einsleit og engin aðstaða er til staðar fyrir jaðariþróttir. Börn í íþróttum hafa lítinn hvata til að halda áfram í sinni grein, sérstaklega þegar þau eru komin á unglingsaldur. Vöntun er á leiðbeinendum og starfsfólki til að sinna lýðheilsumálum, þ.á.m. fyrir eldri borgara. Aðgengi að náttúrunni, t.d. með stígum, er ábótavant.

Ógnanir

Helstu ógnanir snúa að lélegum innviðum, þá sérstaklega varðandi samgöngur og orkuöryggi, sem ógnar sérstaklega ferðaþjónustunni. Rekstrargrundvöllur ferðaþjónustufyrirtækja er erfiður og ferðamannatíminn er of stuttur. Mörg ferðaþjónustufyrirtæki eru til sölu og fáir halda reksturinn út til langs tíma lítið. Önnur en ekki síðri ógn felst í óhagstæðri íbúasamsetningu en þrátt fyrir að íbúum svæðisins hafi fjölgað undanfarin ár hefur fjölskyldufólki fækkað. Því getur verið erfitt að halda uppi ýmis konar félagsstarfi fyrir börn og ungmenni.

Tækifæri

Helstu tækifæri í öllum málaflokkum hópsins felast í bættum samgöngum og vegakerfi, bæði á milli byggðakjarna sem og milli landshluta. Ýmis tækifæri í ferðaþjónustu eru vannýtt, sérstaklega varðandi gistingu, en aukinn áhugi ferðafólks á svæðinu og náttúruperlurnar sem það býður upp á eru mikið sóknarfæri. Sameinað sveitarfélag væri stærri heild og byði þar af leiðandi upp á tækifæri í ýmis konar ímyndarvinnu, bæði í markaðssetningu fyrir ferðaþjónustu sem og til að styrkja sjálfsmynd okkar í félagsmálum t.d. hjá börnum, ungmennum og öldruðum.

Samantekt

Hópurinn sammældist um að gott íþrótt- og félagsstarf væru með helstu styrkleikum svæðisins enda væri hér góð aðstaða fyrir hefðbundið íþróttastarf. Þrátt fyrir að smæð samfélagsins geti verið kostur í sumum tilfellum þá vantar starfsfólk í flestalla geira. Hópurinn taldi að bættar samgöngur væri lykilatriði í öllum málaflokkum.

FRAMTÍÐARSÝN

Hópurinn var sammála um að framtíðarsveitarfélagið á sunnanverðum Vestfjörðum væri fyrst og fremst heilsueflandi bæjarfélag og þar sem ferðaþjónusta blómstrar og er stöðug atvinnugrein. Gott menningar- og frístundastarf er forsenda þess að íbúum líði vel, hér verði gott öldrunarsamfélag og samstarf og samgangur milli svæða í félags-, íþrótt- og menningarmálum væri mikill. Sveitarfélagið hefði sterka ímynd, bæði út á við og fyrir íbúana sjálfa.